

Danfoss



Enn er hitastillta baðblöndunartækið frá Danfoss nýjung fyrir mörgum. Hinir sem til þekkja njóta gæða þeirra og undrast lága verðið.

HÉÐINN
SELJAVEGI 2, REYKJAVÍK.

IZUMI
STÝRILIÐAR




Allar stærðir fyrir allar spennur. Festingar fyrir DIN skinnur. Gott verð.

ARGUS

HÉÐINN
VÉLAVERZLUN-SÍMI: 24260
LAGER-SÉRPANTANIR-ÞJÓNUSTA

INNIHURÐIR



Vandaðar innihurðir úr beyki, lamileik og hvítmálaðar með karmi, gereftum, skrá og lömum frá kr. 5.760.00.

Einnig bílskúrshurðir, léttar og með einangrun og gönguhurðir.

Nýborg á nýjum stað, Skútuvogi 4, sími 82470. **Nýborg.**

Snekkja morgunroðans

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Indriði G. Þorsteinsson:
Jóhannes Sveinsson Kjarval.
Ævisaga.
Útlit: Hafsteinn Guðmundsson.
Val málverka og umsjón með prentun þeirra: Frank Ponzi.
Útgáfustjóri: Eiríkur Hreinn Finnbogason.
Almenna bókafélagið 1985.

1.

Það er eins og allir hafi sínar minningar um Jóhannes Sveinsson Kjarval.

Sá sem þetta ritar á líka sína minningu.

Minningin er um einlægan og hjartahreinan mann sem bar umhyggju fyrir öllum sem voru kallaðir til að fást við listir, engu máli skipti hvað listgreinin nefndist. Ekki sakaði að hún væri skáldskapur eða í ætt við skáldskap.

Þegar við Alfreð Flóki heimsóttum Kjarval eitt sinn fór hann með ljóð. Ég nefndi nafn Einars Benediktssonar. Það hefi ég ekki átt að gera. Eftir það var Kjarval allur í ljóðum einkum vísum. Það var ekkert hægt að ræða við hann. Skáldskapur og harðfiskur tók hug hans allan.

Kjarval var vissulega heillaður af Einari Benediktssyni. Af því að Einar var ekki málari tók Kjarval það að sér að túlka hugsanir Einars í málverki. Og hann orti líka í stíl Einars. Ljóðið sem stendur fremst í Ævisögu Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals er með dálítinn svip af Einari. Lítum á annað erindi:

> Fyrir innan brim og boða
> bragar snekkja morgunroða
> albúin við úthafs dyr.
> Horfi ég upp í himinsþilin,
> hvar eru þekktu stjörnuskilin
> *ef einhver kemur og um það spyr.*
> (Kvæðið ljúfa

2.

Ég veit ekki hvort Indriði G. Þorsteinsson hefur haft það í huga þegar hann hóf ritun Ævisögu Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals að gera list hans skil svo að allir mættu við una. Það held ég að honum hafi ekki tekist. En manninn hefur hann fært okkur í mjög vel ritaðri sögu. Listamaðurinn er auðvitað maðurinn. Þannig mætti segja að Indriði hafi lýst listamanninum. Við látum auðvitað aðra dæma um það. Mest er um vert að við getum nálgast Kjarval með hjálp Indriða. Hann segir okkur heilmikið um manninn og listamanninn vegna þess að sjálfur hefur hann margt að segja og hefur vald á sjaldgæfri frásagnarlist.

3.

Það fer ekki milli mála að það er gífurlegur fengur að lesa jafn vel ritaða Ævisögu Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals. Indriði G. Þorsteinsson hefur skráð Ævisöguna með þeim hætti að láta listamanninn njóta sín, en þrátt fyrir allt er það góður félagsskapur rithöfundarins sem ræður ferðinni. Það er því ekki út í hött það sem Davíð Oddsson segir í formálsorðum:


„Sama verður um sögu hans. Hún verður aldrei skráð í eitt skipti fyrir öll. Það er fagnaðarefni, að góður maður og góður rithöfundur tókst á hendur hluta af því ægiverkefni, og skilar því vel."

Það má auðvitað minna á það að til að skrifa góðar bækur er ekki nóg að vera góður maður. En við skulum láta það liggja milli hluta.

4.

Það sem mér þykir einkenna Ævisögu Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals og gæða hana lífi er fyrst og fremst frásögnin hógvær, en markviss. Viðhorf Indriða G. Þorsteinssonar og mat hans á Jóhannesi Sveinssyni Kjarval sæta ekki stórtíðindum. Allir eru sammála um hinn mikla brautryðjanda íslenskrar málaralistar og stærð hans, en það er í frásögninni sem líf kviknar. Fljótlega nær stíllinn tökum á lesandanum. Gluggum í fyrsta kafla:

„Miðbærinn í Efriey var ekki háreist höll, heldur fjósbaðstofa, þar sem ein eða tvær kýr stóðu undir palli og veittu yl til fólksins uppi í baðstofunni. Þarna fæddist Jóhannes Sveinsson inn í barnamergðina og fátæktina, en engu að síður inn í glaðvært og skemmtilegt heimilislíf, þar sem móðirin var óþreytandi að syngja fyrir börnin sín og kenna þeim, fyrir utan faðirvorið, kvæði og



Jóhannes Kjarval



Indriði G. Þorsteinsson

fyrirbænir, bæði langar og stuttar. Vegna barnafjöldans fóru sumir drengjanna ungir að heiman, þangað sem notaðist af þeim við snúninga og setur yfir kvíaám. Þorsteinn Kjarval var fimm ára, þegar hann fór til Runólfs í Nýjabæ. Svo virðist sem um eins konar framfæri hafi verið að ræða og hafi átt að koma Þorsteini að Melhól. Faðir hans reið með hann þangað, en húsfreyja stóð á hlaði og sagði: „Ég hef gefið heilan sauð með öllum kjötum." Þótti þetta skrýtilega til orða tekið og geymdist tilsvarið í minni Jóhannesar og fleiri, enda mun Þorsteinn hafa haft þessa orðræðu á lofti. Í það sinn fóru þeir feðgar að Nýjabæ."

Þetta kjarnmikla dæmi um frásögn Indriða verður samt ekki látið nægja. Hann er hinn magnaðasti þegar þjóðlegur fróðleikur er annars vegar. Ekki skal spillt fyrir mörgum væntanlegum lesendum Ævisögu Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals, en hvernig líst mönnum á frásögn á borð við þessa:

„Fyrsta dagleið var að Svínafelli. Þegar þangað kom var hinn mikli útvörður sandanna, Lómagnúpur, að baki, einnig Núpsvötn og Skeiðará. Næsta dag var haldið um Breiðamerkursand að Reynivöllum. Þennan dag var farið á jökli, eins og venjulega yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi. Þriðja daginn héldu pósturinn, Sveinn og Þórunn með drenginn Jóhannes um Suðursveit, framhjá bænum Rauðabergi, þar sem Sverrir langafi Jóhannesar hafði búið, og yfir Hornafjarðarfljót að Bjarnanesi. Eftir það er ekki ljóst hverjar dagleiðirnar voru, en Þórunn komst heilu og höldnu með frænda sinn til Geitavíkur."

5.

Indriða G. Þorsteinssyni tekst vel að lýsa sambandi þeirra Tove Merrild og Kjarvals, þeim öfugsnúnu hlutum sem stuðluðu að því að þau urðu að skilja. Tove var góður rithöfundur eins og Indriði leiðir í ljós, sígilt dæmi um það að aðeins hinar bestu konur eru reiðubúnar til að deila sorg og súrt með miklum listamönnum og elska þá. En Tove gat ekki verið þolinmóð og umborið Kjarval og hið smáa samfélag sem fóstraði hann. Hún verður ekki ásökuð. Ég las með mikilli athygli frásögn Indriða, en úr huganum vék ekki umfjöllun Matthíasar Johannessen í Kjarvalskveri.

6.

Og nú er bók Indriða G. Þorsteinssonar komin út, kannski ekki endilega eins og við héldum að hún yrði, en engu að síður mikilvæg tilraun til að skilja og meta þann mann sem var flestum stærri í list sinni og um leið einkennilega líkur hinum smæsta. Hver var trúðurinn Kjarval? Þar leyndist hann að mínu mati og ég læt því ósvarað hve mikill hluti af því sem hann sagði og gerði vitnaði um veikleika hans. Einar Benediktsson orti um **villu og draum.** Villan og draumurinn voru rík í fari Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals. En grundvallaratriði í fari fleiri manna.

Valdahroki

eftir Kára Jónsson

Lítil frétt á annarri síðu Mbl. sl. föstudag vakti athygli mína. Þar er frá því sagt að Hlaðvarpinn hlutafélagið Vesturgata 3 hafi fengið fjárstyrk úr ríkissjóði að upphæð 2 milljónir króna samkvæmt ákvörðun Alberts Guðmundssonar fjármálaráðherra. Það eru konur sem standa að áðurnefndu hlutafélagi. Tilgangur þess er að reka menningarmiðstöð og félagsheimili fyrir konur á Vesturgötu 3 í Reykjavík. Félagið sem ekki á sér langa sögu var komið í greiðsluþrot og gat ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar.

Í fréttinni greinir frá því að Albert Guðmundsson hafi sagt í samtali við blaðið „að hann ræddi þetta mál ekki við Morgunblaðið". Þetta svar lýsir furðulegum valdahroka. Ráðherrann hlýtur að vita að flestir lesendur Morgunblaðsins eru skattborgarar í þessu landi og vilja gjarnan fylgjast með hvernig skattpeningum þeirra er ráðstafað. Ef Albert Guðmundsson hefði greitt milljónirnar úr eigin vasa hefði það verið hans mál og engum komið það við. En í þessu tilviki var slíku ekki til að dreifa og því bar honum að svara hvaða rök lægju að baki þessari ráðstöfun.



Kári Jónsson

„Ef Albert Guðmundsson hefði greitt milljónirnar úr eigin vasa hefði það verið hans mál og engum komið við."

Um þessar mundir eiga hundruð ef ekki þúsundir landsmanna heimili sín undir uppboðshamrinum. Getur þetta örvæntingarfulla fólk labbað sig upp í fjármálaráðuneyti og fengið þar án skilyrða þá peninga sem það svo sárlega vanhagar um.

Albert Guðmundsson má mín vegna kaupa sér vinsældir en til þeirra verka verður hann að nota eigin fjármuni.

Höfundur er Póst- og símstöðvarstjóri á Sauðárkróki.



SKÁKSKÓLANUM var á fimmtudag afhent vegleg gjöf, 10 Seiko kvartz-skákklukkur, frá Þýzk-íslenzka verzlunarfélaginu. Seiko-skákklukkurnar eru einar þær allra nákvæmustu á markaðnum. Á myndinni sézt þegar Garðar Ólafsson, úrsmiður á Lækjartorgi, t.v., og Ragnheiður Lárusdóttir frá þýzk-íslenzka afhentu Jóni L. Árnasyni, skólastjóra Skákskólans, klukkurnar.